

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Arni Helgason.

Yfirlit yfir starfsemi Austurlandsdeildar  
Veiðimálastofnunar á árinu 1983.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VAUST/8308  
27.12.1983

## INNGANGUR

A árinu 1983 einkenndist starfið mjög af fyrirhuguðu verkefni SSA í silungsvötnum á Austurlandi. Unnið var að ýmiskonar undirbúningi í tengslum við þetta verkefni, og skráningu á öllum silungsvötnum í kjördæminu þokað eftir því sem aðstæður leyfðu. Rannsóknarstarfsemi deildarinnar var sömuleiðis að verulegu leyti tengd silungsverkefni SSA, og var unnið samtals í 20 daga við rannsóknir í silungsvötnum, og var gerð frumkönnun á fiskstofnum í 12 vötnum á Héraði.

Af öðrum rannsóknum eru helstar seiðakannanir á sleppisvæðum í ám, samtals 14 dagar. Í Miðfjarðará í Bakkafirði var gerð athugun á svæðum ofan ófiskgengra fossa vegna fyrirhugaðrar laxastigagerðar, og var dvalið þar í 2 daga. Að síðustu var farin 5 daga ferð í Vopnafjörð vegna göngusleiðasleppinga þar. Samtals er því unnið í "feltiðu" í 41 dag á árinu 1983.

Þessi verkefni eru nánar tíunduð hér á eftir.

Ef litið er á helstu kostnaðarbætti í rekstri deildarinnar, þá eru þeir sem hér segir:

	Kr.	% af heild
Föst laun fiskifræðings	253.539	48.4
Skrifstofurekstur	72.218	13.8
Ýmis ferðakostnaður	25.283	4.8
Beinn rannsóknarkostnaður	172.925	33.0
Samtals	523.965	100.0

A móti þessu koma síðan tekjur, sem eru þannig komnar, að ýmsir aðilar hafa greitt sérfræðingi og aðstoðarmönnum beint vegna launa umfram fastra launa og ferðakostnað:

135.076                    25.8

Þessi upphæð er 25.8% af heildarrekstrarkostnaði eða 78.1 % af beinum rannsóknarkostnaði á árinu.

Nánar er gert grein fyrir myndun kostnaðar hér á eftir.

Engin gögn eru fyrir hendi hjá deildinni um kaup á tækjum eða öðrum eignum, og er það því ekki tíundað hér.

Á árinu 1983 hafa eftirfarandi skýrslur verið sendar frá Austurlandsdeildinni yfir athuganir gerðar á hennar vegum.

Númer	Titill	Dagsetning
8207	Athuganir á vatnasvæði Lagarfljóts 1982	03.03.83
8208	Rafveiðar í Gilsá-Selfljóti 1981-1982	26.01.83
8301	Charr and trout lakes in the Egilsstaðir area of the eastern part of Iceland	05.03.83
8302	Skrá yfir Silungsvötn í Hjaltastaðahreppi (Nr. 7508)	05.04.83
8303	Fjarðará f Mjóafirði	13.10.83
8304	Rafveiðar í Selá-Bráðabirgðaniðurstöður	22.10.83
8305	Könnun á ófiskgengum svæðum í Miðfjarðará f Bakkafirði	31.10.83
8306	Athugun á upplýsingum úr skýrslum um innlagðann afla hjá KHB 1983	12.12.83
8307	Athuganir í silungsvötnum á Héraði, í Jökuldalheiði og í Vopnafirði 82-83.	26.12.83
8308	Yfirlit yfir starfsemi Austurlandsdeilda Veiðimálastofnunar á árinu 1983.	27.12.1983

## INNGANGUR

Á árinu 1983 einkenndist starfið mjög af fyrirhuguðu verkefni SSA í silungsvötnum á Austurlandi. Unnið var að ýmiskonar undirbúningi í tengslum við þetta verkefni, og skráningu á öllum silungsvötnum í kjördæminu þokað eftir því sem aðstæður leyfðu. Rannsóknarstarfsemi deildarinnar var sömuleiðis að verulegu leyti tengd silungsverkefni SSA, og var unnið samtals í 20 daga við rannsóknir í silungsvötnum, og var gerð frumkönnun á fiskstofnum í 12 vötnum á Héraði.

Af öðrum rannsóknum eru helstar seiðakannanir á sleppisvæðum í ám, samtals 14 dagar. Í Miðfjarðará í Bakkafirði var gerð athugun á svæðum ofan ófiskgengra fossa vegna fyrirhugaðrar laxastigagerðar, og var dvalið þar í 2 daga. Að síðustu var farin 5 daga ferð í Vopnafjörð vegna göngusleiðasleppinga þar. Samtals er því unnið í "feltinu" í 41 dag á árinu 1983.

Pessi verkefni eru nánar tíunduð hér á eftir.

Ef litið er á helstu kostnaðarbætti í rekstri deildarinnar, þá eru þeir sem hér segir:

	Kr.	% af heild
Föst laun fiskifræðings	253.539	48.4
Skrifstofurekstur	72.218	13.8
Ýmis ferðakostnaður	25.283	4.8
Beinn rannsóknarkostnaður	172.925	33.0
Samtals	523.965	100.0

Á móti þessu koma síðan tekjur, sem eru þannig kommar, að ýmsir aðilar hafa greitt sérfræðingi og aðstoðarmönnum beint vegna launa umfram fastra launa og ferðakostnað:

135.076 25.8

Pessi upphæð er 25.8% af heildarrekstrarkostnaði eða 78.1 % af beinum rannsóknarkostnaði á árinu.

Nánar er gert grein fyrir myndun kostnaðar hér á eftir.

Engin gögn eru fyrir hendi hjá deildinni um kaup á tækjum eða öðrum eignum, og er það því ekki titundað hér.

## Rannsóknir o.fl árið 1983.

### 1. Silungsrannsóknir.

Í tengslum við verkefni SSA í könnun á nýtingarmöguleikum í silungsvötnum í Austurlandskjördæmi, hefur verið lögð mikil vinna. Hún er bæði fólginn undirbúningsstarfi, kynningarfundum á verkefninu og rannsóknum í vötnum á liðnu sumri.

Frumathuganir voru gerðar á silungi í 12 vötnum á Héraði og í Vopnafirði, og í einu vatni, Langavatni í Fellum, voru gerðar ítarlegri athuganir, en vatnið er ákaflega dæmigert fyrir vötnin meðfram Lagarfljóti, og er ætlunin að rannsaka silung í því nánar á næstu árum.

Hafist var handa með veiðafæratilraunir og voru reyndar bæði gildrur frá Jóni Kristjánssyni og Kílanót frá Noregi. Þessum tilraunum er ekki lokið.

Unnið var að þróun fiskmóttöku hjá KHB á Egilsstöðum, og var talsvert farið um og leiðbeint veiðimönnum um veiðar og meðferð á afla.

Niðurstöður rannsókna liggja að mestu fyrir, og hafa skýrslur þar um verið sendar út.

### 2. Tilraunaverkefni með gönguseiðasleppingar í Vopnafirði.

Þáttur Austurlandsdeildar í þessu verkefni er lítill. Ein ferð var farin dagana 4-8 júlí í Vopnafjörð og voru kviar fyrir gönguseiði settar niður í árnar þrjár. Sömuleiðis var tekið á móti gönguseiðunum frá eldisstöðvunum, og beim komið fyrir í kvíunum.

Engar niðurstöður liggja beint fyrir eftir þessa ferð, og er ekki ætlunin að greina frá henni sérstaklega.

### 3. Seiðakönnun á Lagarfljótssvæði.

25 og 26. maí og 2-4 ágúst var farið um Lagarfljótssvæðið, og teknar prufur á helstu sleppistöðum laxaseiða undanfarin ár. Svipaðar athuganir hafa verið gerðar á svæðinu árlega síðan 1981. Megintilgangur þessara athugana var að fá enn frekari staðfestingu á hverjar af þvéram Lagarfljótsins skili bestri

afkomu hjá sleppiseiðum.

Uppsalaá, sem er þvérá Eyvindarár, hefur verið athuguð sérstaklega á u.p.b. Þja mánaða fresti auk þess sem misheppnuð tilraun var gerð til að vera með seiðagildru í henni í sumar. Í fiskveginum við Lagarfoss var kista eins og sumarið 1982, og tók hún allann göngufisk, sem gekk um stigann. Niðurstöður athugana á Lagarfljótssvæðinu eru ekki fyrirliggjandi, og verða ekki fyrr en á byrjuðu ári 1984.

#### 4. Seiðakönnun í Vopnafirði.

Árleg athugun á seiðamagni í Vopnafjarðaránum var gerð dagana 28.ágúst - 2. september. Í meginindráttum fór þessi athugun fram með sama hætti og undanfarin ár.

Úrvinnsla er hafin, og bráðabirgðaniðurstöður hafa verið sendar til Veiðifélags Selár. Endanleg úrvinnsla liggur ekki fyrir fyrr en á árinu 1984.

#### 5. Könnun á ófiskgengum hluta Miðfjarðarár.

2. og 3. september var farið í Miðfjarðará að ósk eigenda og leigutaka árinnar. Athugun var gerð á ófiskgengum hluta árinnar ofan við Fálkafoss með tilliti til þess hversu vänlegur hann væri fyrir lax, en fyrirhugað er að setja stiga í Fálkafoss. Úrvinnsla gagna er lokið og hafa niðurstöður verið sendar við komandi aðilum.

#### 6. Könnun á árangri sleppinga á Selfljótssvæði.

Að ósk Veiðifélags Selfljóts var farið á sleppistaði í þverám Selfljóts og Gilsár dagana 15 og 16 september. Niðurstöður athugana liggja ekki fyrir enn.

#### 7. Athugun á Fögruhlíðará í Hlíð.

8. september var farið í Fögruhlíðará og áin rafveidd og

skoðuð. Haldinn var fundur með landeigendum, og þeim gerð grein fyrir meginniðurstöðum athugana þar. Að öðru leyti hefur ekki verið gengið frá úrvinnslu.

#### 8. Fjarðará í Borgarfirði.

Tilraun var gerð til að skoða árangur laxaseiðasleppinga í Fjarðará þann 19. september 1983. Þar sem að hann brast á með úrfelli þá snemma um daginn, og áin óx mikið og varð lituð, urðum við frá að hverfa.

#### 9. Mjóafjarðá.

Að ós SSA var farið í Mjóafjarðará þann 10.10.1983 og var atlunin að skoða hversu mikið magn af göngubleikju væri til staðar í ánni og auk þess að kanna seiðamagn.

Úrvinnsla gagna er lokið, og hafa niðurstöður verið sendar viðkomandi aðilum.

#### 10. Skráning silungsvatna í umdæmi deildarinnar.

Þetta verk, sem hófst 1982 hefur reynst viðamikið og sein- unnið. Þó hefur þokast nokkuð, og liggja nú fyrir upplýsingar um mörg vötn í Múlasýslunum báðum. Þingeyjarsýsla og Skaftafells sýsla eru ekki enn inní í myndinni, en verða það væntanlega á næsta ári.

Endanleg úrvinnsla er í gangi þegar tækifæri gefast, og verða listar um einstaka hreppa birtir, þegar þeir eru tilbúnir.

Yfirlit yfir rekstur Austurlandsdeildar árið 1983.

Gjöld.

Rekstur skrifstofu:

Húsaleiga, rafmagn og fl.	26.674.35
Símakostnaður	37.323.00 2)
Burðargjöld og rekstrarvörur	8.220.75
	<hr/>
	72.218.10
Föst laun fiskifræðings	253.539 3)
	<hr/>
Kostnaður vegna rannsókna	172.925
Akstur, annar en vegna rannsókna	25.283.00 1)
	<hr/>
Samtals gjöld	198.208.00
	<hr/>
	523.965.10

Tekjur.

Greiðslur frá Veiðifélögum, SSA og Vopnafjarðarrannsóknum	119.476.00
Afskrifaðar skuldir ymissa aðila við starfsmenn vegna aksturs, vinnu og ferðapeninga	15.600.00
Samtals tekjfært	135.076.00

Mismunur á gjöldum og tekjum gjaldfærður sem rekstrarkostnaður  
Deildarskrifstofu á Austurlandi. krónur 388.889.10

- 1) Sjá nánari sundurliðun hér að aftan.
- 2) Kostnaður vegna umframskrefa fyrir Okt-Des. 1983 er áætlaður.
- 3) Innifelur laun ásamt orlofi auk lífeyrisjóðsgreiðslur.

Verkefni	Yfirvinnna Sérfræðings	Laun aðstoðarmanns	Ferðakostnaður	Akstur og flug
1. Silungsverkefni SSA	16.217	27.897	17.328	31.852
2. Laxatilraunir í Vopn.	3.229		4.820	8.892
3. Seiðakönnun, Lagarflj.	2.492		4.860	3.784
4. Seiðakönnun, Vopnafj.	3.228		5.064	8.436
5. Athugun í Miðfjardará	2.277		1.356	2.140
6. Athugun í Fögruhlá	646		580	1.493
7. Seiðakönnun í Selflj.	646	1.390	1.740	798
8. Athugun á Fjarðará	646	1.053	1.160	1.742
SAMTÖLUR	29.374	43.032	42.268	58.251

Ath. Hér er tiltekið allur rekstrakostnaður umfram föst laun sérfræðings, sem myndast vegna útivinnu við rannsóknir.

Heildarupphæð er: 172.925, og er fíjmagnað með eftirfarandi hætti:

Tekjur vegna seldrar þjónustu	119.476
Greitt af rekstrafé Austurlandsdeildar	37.849
Skuld Veiðifélaga við sérfræðing veiðimálastofnunar	15.600
Samtals:	172.925

Sundurliðun á myndun viðbótarkostnaðar umfram laun sérfræðings, vegna útivinnu við rannsóknir á Austurlandsdeild Veiðimálastofnunar árið 1983.

Sundurliðun á akstri og áksturskostnaði á Austurlandsdeild Veiðimála-stofnunar árið 1983.

## I. Akstur annar en vegna ákveðinna rannsóknaferða:

Janúar Mánuður	Km	kr/km	samtals
janúar	260	6.95	1807
febrúar	300	6.95	2085
mars	150	6.95	1043
apríl	290	9.10	2639
maí	320	9.10	3276
júní	370	9.10	3367
júlí	150	11.40	1710
ágúst	200	11.40	2280
september	150	11.40	1710
október	150	11.40	1710
nóvember	150	13.40	2010
desember	150	13.40	2010
samtölur :	2640 km		25283 kr.

## II. Akstur vegna rannsókna 1983.

1. SSA verkefni.	2087 km á mism.	24846
2. Laxatilr. í Vopnaf.	780 km á 11.40	8892
3. Seiðar. Lagarfljóttssv. sama	300 km á 11.40 40 km á 9.10	3420 364
4. Seiðaath. í Vopnaf.	740 km á 11.40	8436
5. Athugun í Miðfjá	110 km á 11.40	1254
6. Athugun í Fögruhlá	131 km á 11.40	1493
7. Seiðakönnun í Selflj.	70 km á 11.40	798
8. Athugun í Fjarðará	130 km á 13.40	1742

Samtölur 4338 km 41245 kr.

Samtals I og II: 6978 km 66528 kr.